



MIKLAR HÆKKANIR ELDSNEYTISÁLAGNINGAR - ÓRALANGT UMFRAM NEYSLUVÍSITÖLU

Álagning olíufélaganna hefur farið mjög hækkandi milli árunna 2005-2013. Á verðlagi hvers árs um sig hækkaði álagning á bensín úr 17,50 krónum á lítra árið 2005 í 37,90 krónur á lítra árið 2013. Það er 116% hækkun. Álagning á dísilolíu hækkaði á sama árabili úr 15,30 krónum á lítra 2005 í 39,30 krónur á lítra 2013. Það er 157% hækkun. Á þessu sama árabili hækkaði vísitala neysluverðs um 69%.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda skráir daglega heimsmarkaðsverð á bensíni og dísilolíu og uppreiknar verðin með gengi íslensku krónunnar gagnvart Bandaríkjadal. Þetta kostnaðarverð ásamt sköttum hins opinbera er dregið frá skráðu daglegu útsöluverði íslensku olíufélaganna og þá kemur út álagning og flutningskostnaður á hvern lítra. Eins og kunnugt er, bjóða olíufélögin upp á ýmsa tryggðarafslætti, punktastöfnun og dagstilboð í tengslum við viðburði eða gengi Íslendinga í keppnum. Svokallað þjónustuverð á eldsneyti er oftast 6 krónum dýrara en sjálfsafgreiðsluverð. Ekki eru fyrirleggjandi gögn um vægi afsláttar og þjónustuverðs í meðal útsöluverði til neytenda. Við útreikninga FÍB er stuðst við daglegt skráð útsöluverð í sjálfsafgreiðslu á 95 oktan bensíni og dísilolíu. Með því

að uppfæra þessar tölur með vísitölu neysluverðs til verðlags í dag þá er hægt að fá sambærilegar viðmiðanir varðandi þróun álagningar, kostnað neytenda vegna álagningar og flutningskostnaðar á milli ára.

Álagningin hækkaði verulega hrunárið 2008 á bensíni en ekki jafn mikið á dísilolíu. Álagningin á bensínlítra fór í 39,80 krónur 2008, uppreiknað til verðlags í dag. Árið eftir heldur álagningin á dísilolíu áfram að hækka en gengur aðeins til baka á bensíni. Árið 2010 lækkar álagningin á bensínlítra um rúmar 3 krónur en tæpar 5 krónur á hvern dísilítra. Álagning fer aftur að aukast 2011 og álagið á dísilolíu hefur ekki verið jafn hátt yfir níu ára tímabil eins og 2012 og 2013 eða á milli 39,80 og 39,90 krónur á lítra. Álagið á bensíni fór í 38,40 krónur á lítra 2013 sem er næst hæsta álagningin yfir þessi níu ár.

Hver króna kostar 440 millj. kr.

Bensínálagningin á föstu verðlagi í febrúar 2014 var 28% hærri 2013 samanborið við 2005. Dísilálagningin



hækkaði um 52% á föstu verðlagi frá 2005 til 2013. Ef við berum tölurnar saman á verðlagi hvers árs þá hefur álagning á bensín hækkað úr 17,50 krónum á lítra 2005 í 37,90 krónur á lítra 2013 sem er 116% hækkun. Álagning á dísilolíu hefur hækkað úr 15,30 krónum á lítra 2005 í 39,30 krónur á lítra 2013. Þetta gerir 157%

hækkun á sama tíma og vísitala neysluverðs hækkaði um 72%. Skýringarnar hér að ofan geta ekki réttlætt þessa miklu hækkun á álagningu. Eldsneyti er mjög stór

útgjaldaliður hjá heim-ilum og fyrirtækjum í landinu. Eldsneyti vegur einnig þungt í vísitölu neysluverðs þannig að hækkun álagningar skilar sér af miklum krafti út í verðlag og dregur úr kaupmætti heimila og fyrirtækja. Hver króna í álagningu kostar neytendur um 440 milljón krónur með virðisaukaskatti yfir eitt ár.

Hluti skýringar á hækkun álagningar getur verið hækkun flutningskostnaðar m.a. vegna hruns íslensku krónunnar og önnur skýring gæti verið að olíufélögin hafi aukið álagningu til að kosta aukin afsláttar- og tryggðartilboð. Offjárfestingar í verslunarhúsnæði og bensínstöðvum

ÁLAGNING OG FLUTNINGUR Á BENSÍN- OG DÍSILOLÍULÍTRA (MEÐALTALS ÁRS)



Ár	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	feb.2014	
Álagning og flutningur - bensín	17,5	20,3	21,7	29,3	29,3	28,2	30,3	33,0	37,9	20,33	116%
Álagning og flutningur - dísilolía	15,3	17,2	21,1	26,9	31,8	29,3	32,0	37,9	39,3	23,96	157%
Álagning+flutn. m/vnv - bensín	30,1	32,7	33,2	39,8	35,7	32,5	33,5	34,8	38,4	8,29	28%
Álagning+flutn. m/vnv - dísilolía	26,3	27,6	32,3	36,4	38,7	33,8	35,4	39,9	39,8	13,55	52%

hefur einnig áhrif á álagningu. Það er blekkingarleikur að hækka álagningu til að geta boðið hærri afslætti. Svona viðskiptahættir þrífast því miður í því fákeppnisumhverfi sem einkennir íslenska olíumarkaðinn.

Helmingi hærri hér en í Svíþjóð

Samkvæmt heimasíðu EOF (www.eof.dk), samtaka danskra olíufélaga, þá er álagning í Danmörku u.þ.b. ein dönsk króna á lítra af eldsneyti, eða um 21 íslensk króna. Samkvæmt heimasíðu SPBI (www.spbi.se) sem eru samtök sænskra olíufyrirtækja þá var meðalálagning bensíns árið 2013 í Svíþjóð um 1,39 sænskar krónur á lítra og 0,82 sænskar krónur á lítra af dísilolíu. Þetta eru um 24,50 íslenskar krónur af bensíni og 14,35 íslenskar krónur af dísilolíu. Jafnvel þó tekið

sé tillit til dýrari aðdráttu og lítills markaðar þá er ljóst að kostnaður íslenskra neytenda vegna álagningar og flutninga er a.m.k. 10 krónum hærri á hvern lítra samanborið við neytendur í Svíþjóð og Danmörku. Um 350 milljón lítrar af bensíni og dísilolíu á bíla eru seldir árlega. Ofan á 10 krónur í aukið álag leggst 25,5% virðisaukaskattur þannig að árlegur kostnaður íslenskra neytenda vegna þessa er um 4,4 milljarðar króna.

Á tímum olíusamráðsins ákváðu olíufélögin sameiginlega að bæta framlegð sína af eldsneyti. Fyrir og eftir hrun urðu miklar eignabreytingar á stærri íslensku olíufélögunum og miklir fjármunir runnu út úr fyrirtækjunum til eigenda. Eftir hrun hafa nokkrir milljarðar verið afskrifaðir af skuldum stærri olíu-

félaganna. Í febrúar voru fréttir í fjölmiðlum um miklar arðgreiðslur til fyrrum eigenda Skeljungs, sem tóku fyrirtækið yfir nokkru eftir hrun og seldu aftur í lok síðasta árs. Það voru einnig fréttir um stórtækar arðgreiðslur vel umfram hagnað til nýrra eigenda N1. Í febrúar kom fram í fréttaskýringu Morgunblaðsins að lífeyrissjóðir réðu að minnsta kosti yfir 44% hlut í Skeljungi og 55% hlut í N1. Fram kom í fréttinni að Samkeppniseftirlitið teldi að þetta kallaði á umræðu um eignarhald og með hvaða hætti væri nauðsynlegt að standa vörð um virka samkeppni. Á vegum Samkeppniseftirlitsins hófst vinna á síðasta ári við svokallaða markaðsrannsókn á olíumarkaðnum héraendis.